

Miðvikudaginn 4. nóvember 1992.

Nr. 398/1990. **Haraldur Gunnarsson**  
 gegn  
**Óskari Kristjánssyni.**

Kærumál. Nauðungaruppboð. Uppboðsheimild. Tryggingarbréf.  
 Víxilréttur. Fyrning. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 29. október 1990. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála eftir 1. júlí 1992.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Líta verður svo á, að krafa um nauðungaruppboð jafngildi lög-sókn í skilningi 71. gr. víxillaga nr. 93/1933, þá er hún berst uppboðshaldara, sbr. 11. og 12. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Eins og það tryggingarbréf, sem um ræðir í málinu og lýst er í hinum kærða úrskurði, er úr garði gert, telst það vera fullnægjandi uppboðsheimild samkvæmt b-lið 1. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887 um veð, sbr. 39. gr. lög-ræðisлага nr. 68/1984.

Með þessum athugasemdum verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest um annað en málskostnað.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um annað en málskostnað.

Sóknaraðili, Haraldur Gunnarsson, greiði varnaraðila, Óskari Kristjánssyni, 100.000 krónur í málskostnað í héraði og kærúmálskostnað.

### Sératkvæði

#### Guðmundar Jónssonar, fyrirverandi hæstaréttardómara.

Hinn kærði úrskurður gekk 18. október 1990.

Samkvæmt 1. mgr. 70. gr. laga nr. 33/1933 um víxla fyrnast kröfur víxilhafa á hendur samþykkjanda á þremur árum frá gjald-daga. Í 71. gr. víxillaga er tæmandi talið, með hverjum hætti fyrn-ingu víxilréttar verði slitið. Vixilmál var ekki höfðað til heimtu víxil-fjárhæðarinnar, og ekkert annarra þeirra tilvika, sem lagaákvæði þessi tilgreina, eiga hér við. Krafa að víxilrétti á hendur samþykkj-anda var því fallin niður vegna fyrningar 25. ágúst 1990, og átti varnaraðili eftir það ekki kröfu að víxilrétti á hendur sóknaraðila. Ég tel, að ákvæði um 11. og 12. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfurettinda verði ekki beitt með lögjöfnun um sérákvæði víxillaga.

Tryggingarbréf það, sem varnaraðili byggir á kröfu sína um uppboð án undanfarins dóms og aðfarar, er til tryggingar ótil-teknum kröfum, þótt þar sé einnig um að ræða kröfu samkvæmt víxli þeim, sem fjallað er um í máli þessu. Ég tel tryggingarbréfið ekki veita heimild til nauðungaruppboðs samkvæmt b-lið 1. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887 um veð, sbr. ákvæði 39. gr. lögræðis laga nr. 68/1984. Ég tel því, að fella beri hinn kærða úrskurð úr gildi og hafna kröfu varnaraðila um nauðungaruppboð.

#### Úrskurður uppboðsréttar Seltjarnarness 18. október 1990.

Sóknaraðili í máli þessu er Haraldur Gunnarsson, kt. 140459-4379, Mela-braut 33 (áður nr. 71), Seltjarnarnesi, en varnaraðili er Óskar Kristjánsson, kt. 300721-2499, Ægisíðu 105, Reykjavík.

Málið er þingfest 1. október sl. með framlagningu grg. sóknaraðila, en varnaraðili lagði fram grg. sína 4. okt. sl. Munnlegur málflutningur fór fram í gær, og var málið tekið til úrskurðar að honum loknum.

Sóknaraðili krefst þess, að fyrirhugað nauðungaruppboð á fasteign sinni, Melabraut 33 (áður Melabraut 71), Seltjarnarnesi, nái ekki fram að ganga,

að veðréttur, sem fylgir uppboðskröfu varnaraðila, verði framseldur sér og að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili krefst þess, að kröfum sóknaraðila verði með öllu hafnað og að uppboð á fasteigninni Melabraut 33, Seltjarnarnesi, nái fram að ganga. Hann krefst þess einnig, að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri hann dráttarvexti skv. lögum nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar. Enn fremur krefst varnaraðili þess með vísan til 177. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 54/1988, að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða sér álag á málskostnað.

Með uppboðsbeiðni, dags. 5. maí 1987, beiddist Ólafur Axelsson hrl. þess f. h. Ríkisútvarpsins, að haldið yrði opinbert nauðungaruppboð á framangreindri fasteign. Virðist uppboðsmál skv. beiðni þessari hafa verið þingfest 11. sept. 1987, en skjöl þess hefur uppboðshaldari ekki undir höndum, og ekki er vitað um lok þess annað en það, að nýtt uppboðsmál er byrjað á grundvelli sömu beiðni, auglýst í 145., 148. og 156. tbl. Lögbirtingablaðs 1988 og þingfest 27. janúar 1989. Fleiri uppboðsbeiðnir bárust frá samtals fimm aðilum. Þriðja og síðasta uppboð á fasteigninni átti að fara fram 4. júlí 1989. Þá var bókað í uppboðsbók: „Uppboðspoli mótmælir því, að uppboðið fari fram, þar sem hann hafi ekki fengið senda tilk. um þetta þriðja og síðasta uppboð og fékk ekki vitneskju um það fyrr en fyrir nokkrum dögum og vissi þá ekki, að um þriðja og síðasta uppboð væri að ræða. Fer hann fram á það við uppboðsbeiðendur, að þeir afturkalli uppboðsbeiðnir sínar. Uppboðsbeiðendur lýsa nú yfir, að þeir afturkalli uppboðsbeiðnir sínar.“ Þannig lauk því uppboðsmáli, án þess að uppboðsbeiðendur fengju nokkuð greitt upp í kröfur sínar. Þeir endurnýjuðu síðan uppboðsbeiðnir sínar, og var án tafar hafið enn nýtt uppboðsmál. Það var auglýst í 121., 127. og 133. tbl. Lögbirtingablaðs 1989 og þingfest 10. nóvember það ár. Fyrri sala fór fram 31. janúar 1990, og var þá ákveðið annað og síðara uppboð 1. mars 1990, en þá var því frestað til 14. maí 1990. Á því uppboðsþingi lagði lögmaður uppboðspola, þ. e. sóknaraðili þessa máls, fram tækka, að fjárhæð 1.250.000 kr., út gefinn 17. nóv. 1987 af varnaraðila, Óskari Kristjánssyni, f. h. Laugaveitinga hf. og framseldan af honum persónulega. Var þess krafist af sóknaraðila, að tékkafjárhæðinni væri skuldajafnað móti uppboðskröfu varnaraðila. Af hálfu varnaraðila var kröfunni um skuldajöfnuð mótmælt. Var rekið sérstakt uppboðsréttarmál um þann ágreining, sem lauk með því, að málið var hafið með samkomulagi aðila 28. júní 1990. Í kjölfar þess var ákveðið, að annað og síðara uppboð á fasteigninni skyldi fara fram 1. október sl. Á uppboðsþinginu þá komu fram þau mótmæli sóknaraðila, sem þetta mál snýst um.

Með beiðni, dags. 28. október 1988, beiddist varnaraðili nauðungaruppboðs á fasteigninni Melabraut 33 (áður nr. 71), Seltjarnarnesi. Eftir afturköllunina 4. júlí 1989 endurnýjaði hann uppboðsbeiðni sína án tafar. Heimild hans til að beiðast nauðungaruppboðs á fasteigninni er í tryggingarbréfi, út gefnu 24. febrúar 1987 af sóknaraðila og samþykktu af þáverandi þinglýstum eiganda 89,34% eignar, Hansínu Þórarinsdóttur. Í bréfinu lýsir útgefandi yfir því, að hann veðsetji handhafa þess með sjötta veðrétti fasteignina Melabraut 71, Seltjarnarnesi. (Þinglýsingardómari bætir inn í texta bréfsins: „89,34% eignar“.) Veðsetningin er til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á víxilskuldum útgefanda við handhafa bréfsins, „sem er skuld, að fjárhæð krónur ein milljón (kr. 1.000.000), samkvæmt neðangreindum víxli, að fjárhæð ein milljón, með gjalddaga 24. ágúst 1987. Samþykkjandi er Bragi Ólafsson, nnr. 1409-3311, Melabraut 71, Seltjarnarnesi. Útgefandi er Óskar Kristjánsson, nnr. 6934-9838, Ægisíðu 105, Reykjavík“. Nánari ákvæði eru í bréfinu um vexti og kostnað. Í bréfinu eru og ágreiningslaus ákvæði um, að handhafa sé heimilt að láta selja veðið á opinberu uppboði án dóms og aðfarar, ef skuldin fellur í gjalddaga af nánar tilgreindum ástæðum.

Í máli þessu er ekki ágreiningur um það, að tryggingarbréfið hafi verið gild uppboðsheimild. En sóknaraðili heldur því fram, að svo sé ekki lengur. Kröfur sínar reisir hann á því, að krafan, sem tryggingarbréfið átti að tryggja, sé fyrnd. Vixillinn, sem tryggingarbréfið átti að tryggja greiðslu á, sé með gjalddaga 24. ágúst 1987. Hinn 24. ágúst sl. hafi víxilkrafan skv. honum á hendur samþykkjanda fyrnst, sbr. 70. gr. víxillaga nr. 93/1933. Engar ráðstafanir hafi verið gerðar af hálfu varnaraðila til að rjúfa fyrningarfrest fyrir þann tíma, sbr. 71. gr. sömu laga. Sóknaraðili heldur því fram, að með orðinu víxilmál í upphafi 71. gr. víxillaga sé eingöngu átt við mál, sem rekið er fyrir almennum dómstóli skv. ákvæðum víxillaga og 17. kafla laga nr. 85/1936.

Því er jafnframt haldið fram af hálfu sóknaraðila, að engin skuld standi að baki víxlinum. Þessu hafi sóknaraðili ávallt haldið fram. Þegar víxilkrafan sé fyrnd og að baki víxlinum sé ekki krafa, sé tryggingarbréfið ekki lengur uppboðsheimild. Vilji varnaraðili halda öðru fram, verði hann að sanna, að krafa sé að baki víxlinum, og það geti hann ekki gert öðruvísi en fá dóm fyrir kröfunni.

Varnaraðili mótmælir því, að engin skuld standi að baki víxlinum. Hann sé einn sér nægileg skuldaviðurkenning. Hann andmælir því einnig, að vixillinn sé fyrndur. Hann hafi þvert á móti gert nauðsynlegar ráðstafanir til að slíta fyrningarfresti. Vísar hann í því sambandi til 12. gr. laga um fyrning nr. 14/1905 og einnig til 71. gr. víxillaga. Telur hann, að orðið víxilmál í upphafi þeirrar greinar hljóti að taka til uppboðsmáls sem þessa.

Telur hann, að 71. gr. verði að skýra með hliðsjón af aðalreglu 11. og 12. gr. fyrningarlaga, og vísar í því sambandi til Hrd. 1969, 131.

Varnaraðili heldur því fram, að krafan, sem tryggingarbréfið átti að tryggja, sé ófyrnd, jafnvel þótt víxilrétturinn á hendur samþykkjanda væri fyrndur, og tryggingarbréfið sé nægileg uppboðsheimild. Þessu til stuðnings vitnar hann til Hrd. 1969, 225.

Þá mótmælir varnaraðili þeirri kröfu sóknaraðila, að hann fái veðréttinn, sem uppboðskröfunni fylgir, framseldan til sín, enda sé sú krafa með öllu örökstudd.

Samkvæmt texta tryggingarbréfsins er það út gefið til tryggingar tiltekinni víxilskuld. Á það ber að fallast með sóknaraðila, að tryggingarbréfið sé ekki uppboðsheimild, ef víxilrétturinn er fyrndur og sóknaraðili (uppboðsþoli) mótmælir fjárkröfunni, nema því aðeins, að varnaraðili (uppboðsbeiðandi) hafi áður sannað kröfuna fyrir dómi. Úrslit þessa máls velta þess vegna á því, hvort víxillinn er fyrndur.

Í lögum nr. 14/1905 er að finna almenn ákvæði um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Í 11. gr. þeirra laga eru ákvæði um, að byrjuð sókn kröfu fyrir almennum dómstóli slíti fyrningu. Í 12. gr. segir: „Þar sem lög-tak eða fjárnám má gera án undanfarins dóms eða sáttar, er krafan sótt í tæka tíð, þegar fjárnámið eða lögtaksgerðin eða nauðungaruppboðið, - þar sem ganga má fram hjá fjárnámi, - er byrjað, áður en fyrningarfrestur er liðinn.“ Í 70. og 71. gr. víxillaga nr. 93/1933, eru sérákvæði um fyrningu krafna samkvæmt víxli. Skv. 1. mgr. 70. gr. fyrnast allar kröfur samkvæmt víxli á hendur samþykkjanda á þremur árum frá gjalddaga. Í upphafi 71. gr. segir: „Fyrningu víxils er slitið, ef stefna er birt í víxilmáli, ..., víxilkröfunni lýst í bú skuldunauts, sem tekið hefir verið til opinberra skipta...“ Í greininni er ekki tekið fram berum orðum, að byrjað nauðungaruppboð slíti fyrningu. Tilvitnað ákvæði í upphafi 71. gr. er efnislega samhljóða ákvæði 80. gr. eldri víxillaga nr. 1/1882, en þar segir: „Fyrning víxils stöðvast, ef stefna er birt eða sagt til víxilkröfunnar í bú skuldunauts, ef það hefir verið tekið til opinberra skipta, ...“ Í grg. með l. nr. 1/1882 segir um 80 gr., að samkvæmt henni verði „fyrning rofin með málsókn“.

Ákvæði 1. mgr. 71. gr. víxillaga eiga við um þann ágreining, sem hér verður skorið úr. Sérákvæði þessi ber að skýra með hliðsjón af aðalreglunni í 11. og 12. gr. fyrningarlaga, þeirri, að byrjuð málsókn slíti fyrningu. Að álitu réttarins merkir orðið *víxilmál* í upphafi 71. gr. víxillaga ekki einungis mál, sem höfðað er fyrir almenna dómstólnum til sóknar víxilkröfu, heldur getur það tekið til málsóknar víxilkröfu fyrir öðrum dómstólum og þá m. a. til máls sem þessa, þar sem víxilkrafa er sótt í uppboðsmáli, sem reka má án undangengins fjárnáms, dóms eða sáttar. Þykir skýring þessi hafa

nokkurn stuðning af sögu ákvæðis 71. gr. víxillaga, einkum orðalagi grg. með frv. til 80. gr. laga nr. 1/1882.

Samkvæmt framanrituðu er víxillinn, sem í máli þessu er um deilt, ekki fyrndur. Ber því að hafna kröfum sóknaraðila, en verða við kröfu varnaraðila um, að uppboð fari fram.

Varnaraðili hefur gert þá kröfu, að sóknaraðili verði úrskurðaður til að greiða sér álag á málskostnað, sbr. 177. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 54/1988. Í málflutningi lét lögmaður varnaraðila að því liggja, að aðgerðir sóknaraðila miðuðu að því að tefja framgang uppboðsmálsins. Þessi krafa varnaraðila þykir ekki alveg nægilega rökstudd.

Úrskurða ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila málskostnað, sem ákveðst 55.000 kr., auk virðisaukaskatts. Beri fjárhæð þessi dráttarvexti frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar þessa, sbr. lög nr. 25/1987.

Gísli Gíslason hdl. flutti mál þetta fyrir sóknaraðila, en Þorsteinn Einarsson hdl. fyrir varnaraðila.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Umbeðið uppboð á fasteigninni Melabraut 33, Seltjarnarnesi, skal fara fram.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 55.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts. Beri fjárhæð þessi dráttarvexti frá 15. degi eftir uppkvaðningu úrskurðar þessa skv. lögum nr. 25/1987.

Úrskurði þessum ber að framfylgja að viðlagðri aðför að lögum.